

Torg ehf.

Jón Pórísson, ritstjóri

Þorbjörg Marinósdóttir, ritstjóri

Þorsteinn Friðrik Halldórsson blaðamaður

Reykjavík, 16. febrúar 2021.

Efni: Vegna umfjöllunar sem bendlar Ragnar Þór Ingólfsson við sakamál.

Krafa um að frétt verði dregin til baka og Ragnar beðinn afsökunar.

Í Fréttablaðinu í dag, bæði prentaðri útgáfu og vefmiðli, og fleiri miðlum Torgs ehf. (a.m.k. dv.is) er umfjöllun með fyrirsögninni „Kærðu veiðibjófnað á landi Seðlabankans“. Með fréttinni fylgir mynd af Ragnar Þór Ingólfssyni. Fréttinni er stillt þannig upp að hún veki mikla athygli (er m.a. á forsíðu prentútgáfu Fréttablaðsins).

Í fréttinni kemur m.a. fram að veiðibjófnaður á landi Seðlabanka Íslands á Suðurlandi hafi verið kærður til löggreglu fyrr í vetur og að samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafi Ragnar Þór verið í hópi þriggja manna sem staðinn var að ólöglegri netalögn. Í fréttinni kemur einnig fram að Lögreglan á Suðurlandi staðfesti að kæra hafi borist embættinu vegna ólöglegrar netalagnar í Holtsá sem fellur í Skaftá, þann 24. október sl. Þá segir í fréttinni að rannsókn málsins sé lokið og ákvörðun um ákæru sé nú í höndum ákærusviðs.

Ragnar Þór Ingólfsson er ranglega bendlaður við málið í umfjölluninni.

Fulltrúi löggreglunnar á Suðurlandi hefur staðfest eftirfarandi í dag:

„Samkvæmt gögnum málsins er varðar meintan veiðibjófnaðar og/edα ólöglega netaveiði í Holtsá, þá get ég staðfest, Ragnar Þór, að þú ert hvorki skráður sem sakborningur né vitni í tengslum við þetta mál.“

Framangreindar upplýsingar frá löggreglunni lágu fyrir þegar fréttin var unnin og voru fjölmiðlinum því tiltækar þegar fréttin var birt. Prátt fyrir það er Ragnar Þór ranglega bendlaður við málið í fréttinni. Með fréttinni hefur fjölmiðillinn brotið gegn frumskyldu sinni sem mælt er fyrir um í síðareglum blaðamanna um að blaðamenn skuli vanda upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu eins og kostur er. Einnig ákvæði fjölmiðlalaga um að fjölmiðill gæti að því að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttatflutningi, sbr. t.d. 26. gr. laganna.

MAGNA

Þess er krafist að allir miðlar Torgs ehf. fjarlægi framangreindar umfjallanir, leiðrétti og dragi til baka fréttir sínar um að Ragnar Þór hafi verið staðinn að hinni ólöglegri netalögn og birti síðla leiðréttingu með sama hætti og hinum röngum fréttum voru birtar.

Þess er krafist að umfjallanir verði fjarlægðar tafarlaust og að leiðréttung birtist á vefmiðlum í dag, 16. febrúar 2021, og í prentaðri útgáfu Fréttablaðsins á morgun, 17. febrúar 2021.

Jafnframt er þess krafist Ragnar Þór verði beðinn afsökunar á umfjölluninni.

Verði ekki orðið við framangreindum kröfum mun Ragnar Þór neyðast til þess að láta reyna á framangreind ákvæði um skyldur blaðamanna og fjölmíðla.

Virðingarfyllst



Daniel Isebarn Ágústsson lögmaður

Meðfylgjandi er staðfesting lögreglunnar á Suðurlandi